

Sp.

888. Þingsályktun

[250. mál]

um athugun atvinnamála vegna hruns loðnustofnsins.

(Afgreidd frá Sp. 3. maí.)

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að gera úttekt á atvinnumálum þeirra byggðarlaga, þar sem loðnuvinnsla hefur verið veruleg, með hliðsjón af þeim breyttu viðhorfum, sem hrun loðnustofnsins hefur valdið. Niðurstöður nefndarinnar ásamt tillögum um aðgerðir skulu lagðar fyrir ríkisstjórnina svo fljótt sem verða má og kynntar alþingismönnum.

Kostnaður við störf nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.